

með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum. Dráttarvextir 2% fyrir hvern byrjaðan mánuð reiknast 2 mánuðum eftir gjalddaga.

Skipagjöld teljast í reglugerð þessari öll þau gjöld, sem skipi ber að greiða til hafnarinnar, svo sem lestagjald, bryggjugjald og hafnsögugjald, svo og hvers konar aðstoð, sem skipinu er látin í té af hafnarinnar hálfu.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 11. maí 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

um breytingu á hafnarreglugerð fyrir Bíldudalskaupþún, nr. 322 23. október 1974.

### 1. gr.

VII. kafli orðist þannig:

**Um gjöld til hafnarinnar.**

### 27. gr.

Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrá er hafnarstjórn semur og samgönguráðuneytið staðfestir.

### 2. gr.

Greinar nr. 28—46 falla niður og breytist röð eftirfarandi greina í samræmi við það.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 45 24. apríl 1973, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 14. maí 1976.*

**Halldór E. Sigurðsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

## GJALDSKRÁ

fyrir hafnarsjóð Bíldudalskaupþúns.

### I. KAFLI

**Um gjöld til hafnarinnar.**

### 1. gr.

Öll skip eða fleytur, hvort sem þau eru tóm eða hlaðin vörum eða seglfestu, skulu greiða hafnargjöld til hafnarsjóðs, er þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar greinir.